

*(glæra 1 – Ávarp - Pálmi Hafþór Ingólfsson.*

*Verkefnastjóri fræðslu og heilbrigðis hjá Brim*

*(glæra 2 – Sjávarútvegsráðstefnan 2019 – Sjávarútvegsráðstefnan 2022)*

Ágætu ráðstefnugestir.

Síðasta sjávarútvegsráðstefna var haldin fyrir rétt nær þremur árum eða í byrjun nóvember 2019. Hvað hefur gerst síðan þá?

*(glæra 3 – Heimsfaraldur – Stríð í Úkraínu - Loftslagsmál)*

Það helsta ..... og ástæðan fyrir því að við höfum ekki getað hist á þessum vettvangi er svokallað covid-tímabil, jú og Rússar hafa ráðist inn í Úkraínu með skelfilegum afleiðingum fyrir fólkið þar í landi og í raun heimsbyggðina alla. Loftslagsvá heimsins blasir við öllu hugsandi fólki og reyndar öðru fólki líka.

Allt frekar neikvætt og í raun mjög neikvætt.

*(glæra 4 – Er eitthvað hægt að læra af þessu tímabili?)*

Getum við staldrað við og velt fyrir okkur hvort og þá hvað við getum lært af þessu tímabili?

Það er ljóst að í neikvæðri stöðu eins og þessari að þá neyðumst við til að skoða hluti og tilveru okkar í allt öðru ljósi. Ljósi sem getur fetað okkar á nýja vegi og á brautir sem við vorum ekki búin að sjá fyrir. Það lokast því miður einhverjar dyr sem áður voru opnar en það jákvæða er að það opnast aðrar dyr og við hugsum marga hluti alveg upp á nýtt. Þá snýst þetta oftast en ekki að taka ákvarðanir eins og Ásta Dís Ólafsdóttir fór yfir í erindi sínu í upphafi ráðstefnunnar. Mig langar að deila með ykkur persónulegum skoðunum og reynslu um hvernig við stöndum daglega frammi fyrir því að taka ákvarðanir og forgangsraða hlutum.

Ég fékk í gær um að mæta í móttöku Sjávarútvegsráðstefnunnar og Iceland Seafood. Það hefði verið virkilega gaman að mæta og vil nota tækifærið og þakka gott boð. Ég tók hins vegar ákvörðun um að setja annað í forgang. 5 ára afa- og ömmustrákurinn var nefnilega að koma í heimsókn til að gista en hann er búsettur í Svíþjóð. Ef ég hefði þegið boð Iceland Seafood, þá hefði ég ekki getað varið nema örlitlum tíma með drengnum okkar þar sem hann er vel upp alinn og fer í háttinn um klukkan átta. Það var í raun ekkert erfitt fyrir mig að taka ákvörðun að þessu sinni og áttum við góða stund saman sem við lásum m.a., frábæra bók um litla fólkið og stóra drauma David Attenborough.

*(glæra 5 – lokaðar dyr eða opnar dyr)*

Mín skoðun er sú að við þurfum að gal-opna dyrnar í átt að auknu samstarfi, samvinnu, jákvæðni og ást og umhyggju fyrir hverju öðru. Hér á þessari samkomu á vettvangi sjávarútvegsins sem og í íslensku samfélagi höfum við tækifæri til þess. Áskoranir og verkefni eru óþrjótandi.

*(glæra 5 – Stelpurnar okkar)*

Hvar eru stelpurnar okkar?

Nú langar mig að nefna dæmi af minni persónulegu reynslu. Ég kom að þjálfun á yngri árum þeirra systra Margrétar Pétursdóttur formanns Kvenna í sjávarútvegi og Erlu Óskar Pétursdóttur framkvæmdastjóra Marine Collagen– Magga var harður nagli í sóknarleiknum sem lét varnarmennina finna fyrir sér og skoraði ansi mörg mörkin. Strax unga aldri komu leiðtogahæfileikar Erlu Óskar í ljós en hún var fyrriliði meistaraflokks og frábær leimaður sem aðeins var 18 – 19 ára gömul þegar við komumst upp í efstu deild.

Við unnum ansi marga leiki í leið okkar upp í efstu deildina en þurftum aldeilis að takast á við mótlæti og ósigra þegar því marki var náð og suma mjög stóra og sársaukafulla. Saman náðum við þó að byggja upp gott lið sem á nokkrum árum festi sig í sessi á meðal þeirra bestu. Það kemur mér ekkert svakalega á óvart að þær systur séu að láta til sín taka á vettvangi sjávarútvegsins. Þær eru dæmi um konur sem hafa kjark, sjálfstraust og útsjónarsemi til að ná langt í karlægum heimi sjávarútvegsins. Við þurfum fyrirmyndir. Það er alveg klárt að við eigum margar Möggur og Erlur þarna úti sem eiga eftir að blómstra í sjávarútvegi eða á öðrum sviðum ef þær kjósa svo.

Hvernig sjáum við fyrir okkur að auka þátt kvenna í sjávarútvegi enn frekar? Það hefur sýnt sig að eitthvað er t.d. verið að ganga í rétta átt í iðngreinunum þar sem stúlkum og konum fjölgar með ári hverju.

Getum við lært eitthvað af því?

*(glæra 6 – Strákarnir okkar)*

Hvernig getum við með sameiginlegu átaki betrubætt íslenskt skólakerfi og gefið börnunum okkar tækifæri og framúrskarandi umhverfi til að blómstra. Hvað með drengina okkar sem standa þar höllum fæti og 34,4% þeirra geta ekki lesið sér til gagns við útskrift úr grunnskóla og ástandið í þeim efnum versnar stöðugt á síðustu misserum? Brottfall drengja í framhaldsskóla er 40% meira en brottfall stúlkna. Árið 2020 voru 47,6% kvenna með háskólamenntun en einungis 34,3% karla. Síðustu tuttugu ár hefur ungum karlmönnum á aldrinum 18-29 ára sem eru á 75% örorku fjölgað um 74% skv. gögnum frá Tryggingastofnun ríkisins ..... og mikil fjölgun á sér stað sérstaklega vegna geðraskana.

Þegar við strákarnir ég og Óðinn minn vorum á leið okkar á Reykjanesbrautinni í morgun, þá segir sá stutti: „Afi ég kann að telja á dönsku“. Ég spurði hvort hann væri ekki að tala um sænsku þar sem

**hann byggi í Svíþjóð. Nei á dönsku afi og ég kann líka að telja á íslensku, sænsku og ensku. Afinn var mjög stoltur af stráknum sínum og bað hann að telja á öllum þessum tungumálum. Talning hans á íslensku, ensku og sænsku var óaðfínanleg en þegar kom að dönskunni þá notaði hann sitt eigið talna tungumál sem mér fannst í raun stórkostlegt og var alls ekki að leiðrétta hann en þakkaði kærlega fyrir þessa kennslustund. Þessi litla dæmisaga sýnir okkur hvað börn og ungmenni og strákarnir okkar hafa frjótt ímyndunarafl og hugmyndir til nýsköpunar sem ekki má kæfa. Við þurfum einungis að örva með áhugaverðri hætti að því að þeir fái að njóta sín.**

***(glæra 7 – Sjávarútvegurinn - Hvað getum við gert betur?)***

**Getum við saman litið í eigin barm, sest saman niður og séð á jákvæðan hátt með opnum huga hvert við viljum stefna? Hvað getum við sem störfum í stórkostlegum tækifærum sjávarútvegsins? Getum við ekki lagt örlítið meira til en við gerum? Getur SFS gert betur? Geta stéttarfélagin gert betur? Getum við betur nýtt þann gífurlega auð sem felst í starfsfólki sjávarútvegsins? Getum við tekið öryggismál sjómanna sem dæmi um uppbyggingu og starf þar sem árangur er á heimsmælikvarða? Ég held að og hef þá trú að ef við leggjum okkur öll fram við að ná upp jákvæðari umræðu, hvetjum fólk áfram til góðra verka og höfum skýra sýn á framtíðina, þá getum við það. Við erum með tól og tæki og í raun nokkuð góða verkfærakistu.**

**Í því sambandi vil ég vekja athygli ykkar á að strax að þessarri málstofu lokinni eða klukkan hálf þrjú til þrjú munu forstjóri Brims og Skólameistari Fisktækniskóla Íslands undirrita viljayfirlýsingu vegna samstarfs um eflingu menntunar á sviði sjávarútvegs.**

Með undirrituninni lýsa aðilar Fisktækniskóla Íslands og Brims því formlega yfir að þeir ætli að vinna sameiginlega að eflingu menntunar ungs fólks og hvers kyns símenntunar/þjálfunar starfsfólks Brims í sjávarútvegi á Íslandi.

Verkefnið snýr að:

- a) Auka áhuga ungs fólks á Íslandi á námi og störfum í sjávarútvegi.
- b) Samstarf um að auka hæfni, símenntun og starfsþróun starfsfólks Brims.

Til að vinna að þessu verkefni verður skipuð samstarfsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá Fisktækniskóla Íslands og eins fulltrúa frá Brimi auk fagaðilum frá fyrirtækinu (framleiðslustjórar, gæðastjórar, verkstjórar, útgerðarstjórar, skipstjórnarmenn o.fl.) sem kallaðir verða til eftir þörfum. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að marka stefnu, skilgreina verkefni og hafa umsjón með samstarfi aðila.

Eins vil ég geta þess að Brim hefur gert samning við Heiðu og hennar góða fólk hjá LearnCove og erum við í góðu samstarfi að þróa hugbúnað sem nýtist við þjálfun og fræðslu starfsmanna Brims.

*(glæra 8 – Fótboldalið)*

Ég lít á þetta allt eins og við saman ætlum að byggja upp gott fótboldalið og raunæft markmið okkar og stefnan er sett á meistardeildina.

Hvað þarf til?

Við þurfum svo sannarlega stjórn og stjórnendur sem hafa skýr markmið, framtíðarsýn, trú, traust og kjark til að framkvæma það sem til þarf og koma verkefninu í farveg. Við þurfum frumkvæði og óbilandi sjálfstraust hjá sterkum leiðtogunum, þjálfurum, liðstjórum og öðru starfsfólki félagsins.

Mikilvægt er að þjálfun liðsins sé framúrskarandi. Það þarf að kveikja neistann og umhverfið þarf að vera áhugahvetjandi og heillandi fyrir fólkið okkar sem spilar leikina. Liðið sjálft þarf að vera í sínu besta líkamlega og andlega formi og finna fyrir mikilli vellíðan til að geta tekist á við erfiðu leikina og ekki síst að njóta þegar vel gengur.

Mikilvægt er að hafa í huga að ábyrgð á ferli velgenginnar er bæði hjá stjórnendum félagsins og íþróttafólkinu sjálfu. Úthald er þar lykilatriði.

Gerum íþróttafólkið okkar þannig að það verði eftirsóknarvert í önnur lið en vill helst af öllu vera þátttakendur í áframhaldandi uppbyggingu liðsins þar sem sigur í meistaradeildinni er alltaf loka markmiðið. Að gefa ungu íþróttafólki tækifæri. Íþróttafólkið sjálft er hjarta félagsins og til þess á svo sannarlega að leita til að liðið og félagið þróist í rétta átt. Enginn einstaklingur er þó stærri en liðið sjálft.

Það er þó ekki endilega sigurinn í meistaradeildinni sem skiptir öllu máli, heldur ferðalagið sem tekið er á leið til sigurs. Þá er mikilvægt að áhugafólk og stuðningsaðilar liðsins þ.e. fólkið í landinu taki fullan þátt og flykkist á völlinn. Með jákvæðri umfjöllun og meiri velgengni eykst áhugi ungs fólks á Íslandi á íþróttinni og allir vilja vera í besta liðinu.

*(glæra 9 – Verum góð við hvert annað)*

Að lokum vil ég gera orð móður minnar eða ömmu Rún eins og hún var alltaf kölluð í Grindavík, mínum heimabæ en hún kvaddi þennan heim í byrjun árs og er sárt saknað. Blessuð sé minning hennar.

Mikilvægast af öllu er að vera góð við hvert annað.

Gangi ykkur sem allra best. Góðar stundir.